Nd. **761. Breytingartillögur**

við frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Yfir hvern flokk fyrirtækja, sem um getur í 1. og 2. gr., skal skipa þriggja manna ráð, til þess að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með starfrækslunni. Skal ráð hvert og hver einstakur ráðsmaður ávallt hafa rétt til að aðgæta reikningshald og skjöl öll, er stofnunina varða. Ráð skal koma saman á fund svo oft sem þörf gerist og eigi sjaldnar en sem svarar tvisvar sinnum mánuð hvern.
2. Við 6. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin ákveður þóknun til ráðsmanna, enda fari hún eigi fram úr 12 kr. fyrir hvern fundardag hvers ráðs.
3. Á eftir 7. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Kosning hinna 3 ráða, er um ræðir í 3. gr., skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Jafnframt fellur þá niður umboð stjórna og eftirlitsmanna einstakra ríkisfyrirtækja, er undir frv. þetta falla.